

139 Þetta er stiptsyfirvöldunum hjermed þjónustusamlega til vitundar gefið 10. sept. til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið umgetna lán mun geta fengið úr landssjóði.

140 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa** 10. sept. **prestakalli.** — Samkvæmt beiðni prestsins að Helgafelli, Sigurðar prófasts Gunnarssonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 4. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prófastur fái 5500 króna embættislán upp á Helgafellsprestakall, þannig að hann gegn þessari upphæð afsali til prestakallsins sem embættisbústað húseign þeirri, sem hann nýlega hefur byggt í Stykkishólmi, og sem samkvæmt nefndu brjefi stiptsyfirvaldanna er tvíloftað timburhús, 14 álna langt og 12 álna breitt, járnþakið, með átóstum skúr jafn-löngum húsinu og undir honum kjallara 6×3 álnir að stærð, og með því fyrirkomulagi að öðru leyti, sem tekið er fram í ofanefndu brjefi. Enn fremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að haldið verði eptir af láninu 400 krónum, þar til sannað er á fulltryggjandi hátt, að allt húsið hafi verið klætt utan með bárujárni, að lánið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins á 28 árum frá lántökudegi að telja með jafnri upphæð árlega, auk vaxta, að húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum, svo og lóðarrjettindum þeim, sem því fylgja á hverjum tíma, verði eign prestakallsins, að sannað sje á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, að húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvoðaábyrgð fyrir 6500 kr. að minnsta kosti, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjermed þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið umgetna lán mun geta fengið úr landssjóði.

141 **Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um skatt af** 10. sept. **húsi í verzlunarstað.** — Eptir móttöku þóknanlegs brjefs yðar, herra sýslumaður, dagsetts 28. júlí þ. á., þar sem þjer látið uppi álit yðar um fyrirspurn Markúsar kaupmanns Snæbjarnarsonar um það, hvort honum beri að greiða skatt af íbúðarhúsi sínu á Geirseyri, enda þótt hann hafi ábúð á jörðinni Geirseyri og noti íbúðarhúsið við ábúðina á jörðinni, skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir nefndum kaupmanni það, sem hjer fer á eptir.

Með því að hús það, sem hjer er um að ræða, er í verzlunarstað og 1. gr. laga 14. desbr. 1877 um húsaskatt leggur með berum orðum umgetinn skatt á öll hús í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, svo framarlega sem þau eru fullra 500 króna virði, sbr. einnig landshöfðingjabrjef frá 3. janúar. 1879

(Stj.tíð. 1879, B. bls. 1), virðist það liggja í augum uppi, að húsaskatt beri að greiða **141**
af optnefndu íbúðarhúsi Markúsar kaupmanns Snæbjarnarsonar á Geirseyri. 10. sept.

Að því leyti, sem framannefndur kaupmaður loks hefir tekið það fram, að húsið sje veðsett (og að hann því ekki eigi að greiða skatt af því), þá hafið þjer skýrt svo frá, að veðsetning þessi sje óákveðin, þar sem hann hafi veðsett húsið og verzlunarskip sitt etatsráði I. P. T. Bryde fyrir því, sem Markús kunnir að skulda honum, allt að 16000 krónur, og getur slík veðsetning eigi orðið tekin til greina, þannig að húsið leysist undan skattgjaldi.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um toll af vinföngum, sem talin eru vistaforði — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. júlí þ. á., **142**
hafið þjer, herra sýslumaður, látið mjer í tje umsögn yðar um erindi Markúsar kaupmanns Snæbjarnarsonar í tilefni af því, að hann hafi orðið að greiða toll 10. sept.

af vinföngum, sem flutt hafi verið með skipi hans Guðrúnu sem vistir. Skýrið þjer svo frá, að tildrög þessarar umkvörtunar nefnds kaupmanns um tollheimtuna sjeu þau, að hann árið 1894 hafi flutt sem vistir með nefndu skipi, eins og hann segist áður hafa verið vanur, tvær tunnur af brennivíni, svo stórar að þær rúmuðu eptir því sem tollskráin telur 378 potta, og þetta hafi átt að vera skipsforði handa 5 manns. Hinn umbóðslegi endurskoðandi gjörði um þetta at-
riði athugasemd við tollreikninginn 1894, og eptir að þjer í svari yðar höfðu gefið upplýsingar um ferðir skipsins það ár, og hve margir hefðu verið á því, var með úrskurði mínum um athugasemdina ákveðið að toll skyldi innheimta af því, sem um fram væri 120 potta af vistaforðanum.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir framannefndum kaupmanni, að umgetinn úrskurður skuli standa óhaggður og að framvegis skuli farið, eins og hingað til, eptir reglum þeim, er settar eru í ráðgjafabrjefi frá 1. marz 1883, þegar um tollskyldar vörur er að ræða, er talið er að »hafðar sjeu með ferðis handa skipverjum sjálfum« (sjá tilsk. 26. febr. 1872, 2. gr.).

Reikningur

143

yfir

tekjur og gjöld bókasafns Austuramtsins 1896.

Tekjur:

1. Sjóður frá f. á.	kr. 399,48
2. Styrkur úr landssjóði	— 200,00
3. Styrkur úr jafnaðarsjóði amtsins	— 500,00

Flyt kr. 1099.48